

**Afgreiðslur byggingarfulltrúa 18 - 89. fundur
haldinn að Laugarvatni, 7. nóvember 2018
og hófst hann kl. 13:00**

Fundinn sátu:

Davíð Sigurðsson aðstoðarmaður byggingarfulltrúa, Rúnar Guðmundsson byggingarfulltrúi, Stefán Short embættismaður og Guðmundur G. Þórisson áheyrnarfulltrúi

Fundargerð ritaði: Davíð Sigurðsson aðstoðarmaður byggingarfulltrúa

Dagskrá:

Ásahreppur - Almenn mál

1. Hellatún lóð H (L201672) Umsókn takmarkað byggingarleyfi; Graftarleyfi - 1811007

Lögð er fram umsókn Ægis Guðmundssonar dags. 06.11.2018 móttokin sama dag um takmarkað byggingarleyfi til að jarðvegsskipta undir fyrirhuguðu íbúðarhúsi á lóðinni Hellatún lóð H (L201672) í Ásahreppi.

Byggingarfulltrúi samþykkir að veita takmarkað byggingarleyfi, sem einskorðast við jarðvegsskipti vegna aðkomu og jarðvegsskipti undir hús. Kalla skal eftir botnúttekt vegna jarðvegsskipta.

2. Kálfholt (L165294); Umsókn um byggingarleyfi; Véla- og verkfærageymsla mhl 04 - breyting - 1810031

Lögð er fram umsókn Ísleifs Jónssonar dags. 20.09.2018 móttokin 11.10.2018 um byggingarleyfi til að breyta mhl 04 véla/verkfærageymslu í íbúðarhúsnæði á jörðinni Kálfholt (L165294) í Ásahreppi.

Samþykkt.

Grímsnes- og Grafningshreppur - Almenn mál

3. Bústjórabyggð 7 (L225377); Umsókn um byggingarleyfi; Sumarhús - 1810001

Lögð er fram umsókn Starfssystra ehf. dags. 01.08.2018 móttokin sama dag um byggingarleyfi til að byggja sumarhús 123,4 m² á lóðinni Bústjórabyggð 7(L225377)í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012.

4. Heiðarimi 24 (L169014); Tilkynningarskyld framkvæmd; Sumarhús - viðbygging - 1809067

Lögð er fram tilkynning um tilkynningarskylda framkvæmd dags. 20.09.2018 móttækin sama dag frá löggildum hönnuði Guðbjarti Á. Ólafssyni fyrir viðbyggingu á sumarhúsi 34,2m² á lóðinni Heiðarimi 24 (L169014) í Grímsnes- og Grafningshreppi. Heildarstærð eftir stækkun er 87,5m²

Tilkynningarskyld framkvæmd skv.gr. 2.3.5 og 2.3.6 nr. 360/2016, sem er breyting á byggingarreglugerð 112/2012.

Samþykkt.

Meðfylgjandi gögn uppfylla gr. 2.3.5 byggingarreglugerðar 112/2012, og samræmast skipulagsáætlunum.

5. Snæfoksstaðir lóð (L169649); Umsókn um byggingarleyfi; Sumarhús og gestahús - 1806089

Fyrir liggur tp. frá eiganda móttækin 25.10.2018 þar sem óskað er eftir að erindið fari að nýju fyrir fund. Sótt er um niðurrif á eldra sumarhúsi og geymslu og byggja sumarhús og gestahús 250 m² á lóðinni Snæfoksstaðir lóð (L169649) í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrri samþykkt dags. 18.07.2018 var niðurrif á sumarhúsi og geymslu og heildarstærð sem sótt var um á sumarhúsi og geymslu var 239,5m², hún verður ógild með nýrri bókun byggingarfulltrúa.

Þinglýstur eigandi á lóð skv. Þjóðskrá Íslands er Berglind Skúladóttir Sigurz.

Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012.

6. Bjarkarbraut 26 (L169174); Umsókn um byggingarleyfi; Sumarhús - viðbygging - 1810021

Lögð er fram umsókn Þrastar Sverrissonar og Heiðu Bjarkar Sturludóttur dags. 27.09.2018 móttækin 05.10.2018 um byggingarleyfi til að byggja við sumarhús á lóðinni Bjarkarbraut 26 (L169174) í Grímsnes- og Grafningshreppi. Heildarstærð sumarhúss eftir stækkun verður 97m².

Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012.

7. Hestur lóð 50 (L168559); Umsókn um takmarkað byggingarleyfi; Graftarleyfi - 1811011

Fyrir liggur umsókn Glóru ehf. dags. 06.11.2018 móttækin sama dag um takmarkað byggingarleyfi til að hefja jarðvinnu/jarðvegskönnun vegna fyrirhugaðs sumarhúss á lóðinni Hestur lóð 50 í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Byggingarfulltrúi samþykkir að veita takmarkað byggingarleyfi, sem einskorðast við jarðvegsskipti vegna aðkomu og jarðvegsskipti undir hús. Kalla skal eftir botnúttekt vegna jarðvegsskipta

8. Sólheimar (L168279) (Hrísbrú 10); Umsókn um byggingarleyfi; Matsalur mhl 24 - breyting - 1810051

Lögð er fram umsókn Sólheimar ses. dags. 23.10.2018 móttokin 25.10.2018 um byggingarleyfi til að koma fyrir flóttaleið úr kjallara hússins og setja glugga á salerni á Sólheimum (L168279)(Hrísbrú 10), matsalur mhl 24 í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Samþykkt.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur - Almenn mál

9. Kílhraun (L166478); Tilkynningarskyld framkvæmd; Gripahús mhl 14 - breyting - 1811003

Lögð er fram tilkynning um tilkynningarskylda framkvæmd dags. 30.10.2018 móttokin 31.10.2018 frá löggildum hönnuði Guðmundi Hjaltasyni til að endurbyggja gólf í gripahúsi mhl 14 í Kílhrauni (L166478) í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Þinglýstir eigendur skv. Þjóðskrá Íslands eru Bjarni H. Ásbjörnsson og Lilja Össuradóttir.

Tilkynningarskyld framkvæmd skv.gr. 2.3.5 og 2.3.6 nr. 360/2016, sem er breyting á byggingarreglugerð 112/2012.

Samþykkt.

Meðfylgjandi gögn uppfylla gr. 2.3.5 byggingarreglugerðar 112/2012, og samræmast skipulagsáætlunum.

Bláskógabyggð - Almenn mál

10. Leynir Bleikhóll lóð 4 (197828) : Umsókn um byggingarleyfi; Sumarhús - 1809034

Móttekin er umsókn Hilmars Gunnarssonar dags. 14.09.2018 móttekin sama dag um byggingarleyfi til að byggja sumarhús 73,9 m² á lóðinni Leyni Bleikhól lóð 4 (L197828) í Bláskógabyggð.

Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012.

11. Efri-Reykir lóð (L180194); Umsókn um byggingarleyfi; Sumarhús með geymslu - 1810035

Lögð er fram umsókn Gunnars Ingvarssonar og Ingunnar H. Þóroddsdóttur dags. 12.10.2018 móttekin 18.10.2018 um byggingarleyfi til að byggja sumarhús með risi og áfastri geymslu 142,6 m² á sumarhúsalóðinni Efri-Reykir lóð (L180194) í Bláskógabyggð

Vísað til skipulagsnefndar til afgreiðslu.

12. Brúarvirkjun stöðvarhús (L226637): Umsókn um byggingarleyfi: Stöðvarhús - breyting - 1808021

Lögð er fram umsókn HS Orku hf. dags. 11.07.2018 móttokin sama dag um byggingarleyfi til að breyta samþykktum aðaltekningum á byggingu stöðvarhúss, afgreiðslufundur 16.05.2018. Breyting felst m.a. í að lækka húsið og stytta auk þess sem tilfærslan fer að hluta utan byggingarreits.

Erindinu var vísað til skipulagsnefndar og í framhaldi var unnin breyting á deiliskipulagi vegna tilfærslu á byggingarreit sem tók gildi 26.10.2018. Með áorðnum breytingum í deiliskipulagi er erindinu vísað öðru sinni fyrir afgreiðslufund byggingarfulltrúa

Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012.

13. Iða 2 (201301): Tilkynningarskyld framkvæmd; Sumarhús - viðbygging - 1806029

Lögð er fram tilkynning um tilkynningarskylda framkvæmd dags. 04.06.2018 móttokin sama dag frá löggildum hönnuði Guðjóni Þóri Sigfússyni fyrir viðbyggingu á sumarhúsi á lóðinni Iða 2 (L201301) í Bláskógabyggð, heildarstærð eftir stækkun er 92,6 m².

Tilkynningarskyld framkvæmd skv.gr. 2.3.5 og 2.3.6 nr. 360/2016, sem er breyting á byggingarreglugerð 112/2012.

Samþykkt.

Meðfylgjandi gögn uppfylla gr. 2.3.5 byggingarreglugerðar 112/2012, og samræmast skipulagsáætlunum.

14. Iða 2 lóð (L200300): Umsókn um byggingarleyfi: Sumarhús og geymsla - 1805071

Lögð er fram umsókn Kristínar Hrundar Whitehead og Balema Alou dags. 25.05.2018 móttokin sama dag um byggingarleyfi til að byggja sumarhús og geymslu 73,6 m² á Iðu 2 lóð, Bláskógabyggð.

Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012.

15. Framafréttur (L223995); Stöðuleyfi; Braggi - 1810004

Fyrir liggur ný umsókn frá Straumhvarf ehf. dags. 1.10.2018 móttokin 3.10.2018 þar sem sótt er um endurnýjun á stöðuleyfi fyrir skála 116 m² og 150 m² bragga ásamt stöðuleyfi fyrir nýjum bragga 150 m² á lóðinni Framafréttur (L223995) í Bláskógabyggð.

Samþykkt að veita stöðuleyfi til 1.6.2019.

16. Heimreið að Miðfelli (L170736); Umsókn um byggingarleyfi; Sumarhús - 1810026

Lögð er fram umsókn Jóns Sigurðssonar og Jónínu Thorarensen dags. 09.10.2018 móttækin 10.10.2018 um byggingarleyfi til að byggja sumarhús 70m² á sumarhúsalóðinni Heimreið að Miðfelli (L170736) í Bláskógabyggð.

Vísað til skipulagsnefndar til afgreiðslu.

Flóahreppur - Almenn mál

17. Egilsstaðakot (L166330); Tilkynningarskyld framkvæmd; Útihús - breyting mhl 13,14,17 og 18 - 1811002

Lögð er fram tilkynning um tilkynningarskylda framkvæmd dags. 30.10.2018 móttækin 31.10.2018 til að skipta um þakklæðningu, klæða vegg og ganga frá innréttingum. Sjá nánari útlistun á teikningu á útihúsum mhl 13,14,17 og 18 á jörðinni Egilsstaðakot (L166330) í Flóahreppur. Þinglýstir eigendur skv. Þjóðskrá Íslands eru Einar Hermundsson og Elín B. Sveinsdóttir.

Samþykkt

18. Syðri-Gegnishólar lóð 1 (L218288); Umsókn um byggingarleyfi; Reiðskemma - breyting - 1810034

Lögð er fram umsókn Olil Amble dags. 16.10.2018 móttækin sama dag um byggingarleyfi til að breyta reiðskemmu mhl 01 með að kaffistofa í tengibyggingu mhl 03 skv. skráningu í Þjóðskrá Íslands verði í sama brunahólfi og reiðskemman á jörðinni Syðri-Gegnishólum lóð (L218288) í Flóahreppi.

Samþykkt.

Grímsnes- og Grafningsshr. - Umsagnir og vísanir

19. Minni-Borg lóð A (L198596) og lóð B (L198597) Umsögn um rekstrarleyfi, gistin - 1809039

Móttækin var tölvupóstur þann 24/07 2018 frá fulltrúa Sýslumanns Suðurlands þar sem óskað er eftir umsögn um rektstarleyfi í fl. II frá Minni Borgir ehf.kt. 470703 - 2960, fasteignanúmer F228-3152 og F228-3181, gististaður án veitinga - frístundahús (G) á lóðinni Minni-Borg lóð A og Minni-Borg lóð B í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemdir við að veitt verði leyfi í rekstrarflokki II. Gestafjöldi allt að 149 manns í 22 húsum, sem sundurliðast þannig:

Minni-Borg lóð A F228-3152

mhl 01 - 07, 5 gestir í 7 húsum

mhl 08 - 15, 6 gestir í 7 húsum

Minni-Borg lóð B F228-3152

mhl 01 - 08, 9 gestir í 8 húsum

20. Stangarbraut 22 (202436); Umsögn um rekstrarleyfi, gisting - 1810047

Móttækin var tölvupóstur 29.10.2018 frá fulltrúa Sýslumanns Suðurlands þar sem óskað er eftir umsögn um rekstrarleyfi í fl. II til sölu gistingar í frístundahúsi (G) frá Hagræði ehf., kt. 430108 - 0420, fasteignanúmer F2286547, Stangarbraut 22 (L202436) í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Lagst er gegn útgáfu rekstrarleyfis á grundvelli laga nr. 85/2007 í flokki II að Stangarbraut 22, sumarhús á þeim grundvelli að leyfisveiting samræmist ekki stefnu gildandi skipulags.

Bláskógabyggð - Umsagnir og vísanir

21. Miðdalskot (L1676439); Umsögn um rekstrarleyfi, gisting - 1810045

Móttækinn var tölvupóstur þann 22.10.2018 frá fulltrúa Sýslumanns Suðurlands þar sem óskað er eftir umsögn um rekstrarleyfi til sölu gistingar í fl. II, gistiskáli (D) frá Margræti S. Lárusdóttur, fasteignanúmer F220-6031, mhl 14(140101,140102), mhl 15 (150102) og mhl 16 (160101,160102) að Miðdalskoti(L167643) í Bláskógabyggð.

Byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemdir við að veitt verði leyfi í rekstrarflokki II. Gestafjöldi allt að 30 manns, 6 gestir í 5 íbúðum í 3 parhúsum mhl 14(140101,140102), mhl 15 (150102) og mhl 16 (160101,160102)

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:30

Davíð Sigurðsson

Rúnar Guðmundsson

Stefán Short